

Aðgerðaáætlun 2021 – 2024

Kafli þessi er forgangsróðun þeirra aðgerða sem brýnast er að Umhverfisstofnun vinni að á næstu 3 árum fyrir Geysi. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins en eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáiast hverju sinni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerða.

Árlega

- ✓ Ástandsmat verði unnið árlega af Umhverfisstofnun.
- ✓ Öryggis- og neyðarbúnaður verði yfirfarinn árlega.
- ✓ Árlega verði vöktun á framgangi framandi ágengra tegunda plantna og dýra og skal vinna að upprætingu þeirra eftir þörfum.
- ✓ Reiðleið verði metin árlega

2021

- ✓ Hönnunarvinna og undirbúningur verði lokið á aðkomutorgi (verkhloti A), ný aðkomuleið (verkhloti B), stígur og pallur við Blesa tenging vestur (verkhloti D1) og Konungshver Laugarfjall stígur og pallar (verkhloti E) árið 2021.
- ✓ Vinna við útsýnispalla og stíga á Laugarfjall verði lokið árið 2021.
- ✓ Unnið verður og framkvæmt í samræmi við skipulag við Blesa Konungshver (verkhloti D1), stígur frá Laugafelli að Konungshver og (verkhloti E).
- ✓ Sett verði upp hjólastæði við aðalinngang.
- ✓ Byggð verði upplýsingaaðstaða fyrir landverði á svæðinu.
- ✓ Framkvæmd öryggisúttekta á nýjum og eldri innviðum og gerðar tillögur til endurbóta.
- ✓ Umhverfisstofnun geri stefnu varðandi fjarlægingu á gróðri sem hefur áhrif á ásýnd og yfirbragð hverasvæðisins. Í stefnunni verður einnig fjallað um hvernig stuðla eigi að því að endurheimta staðargróður.
- ✓ Framkvæmd verði viðhorfskönnun hjá gestum svæðisins í samstarfi við Háskóla Íslands og niðurstöður nýttar til að vinna að frekari úrbótum á svæðinu.
- ✓ Áætlun um þörf á fræðslu- og upplýsingaskiltum unnin, hvar þau verði staðsett og hversu mörg.
- ✓ Skilti sett upp í samræmi við skiltaáætlun.
- ✓ Merktir verða sérstaklega þeir göngustígar sem eru heimilir fyrir rafskutlur og rafknúna hjólastóla.

2022

- ✓ Ný aðkomuleið (verkhloti B) framkvæmd jarðvinna, yfirborð og pallar.
- ✓ Við Strokk (verkhloti C) hönnun og undirbúningur
- ✓ Blesi tenging austur (verkhloti D2) hönnun og undirbúningur
- ✓ Göngustígur frá hverasvæði að skógrækt Haukadal (verkhloti H) undirbúningur og hönnun.

2023

- ✓ Aðgerðaáætlun uppfærð.
- ✓ Framkvæmd jarðvinna, yfirborð og pallar nýr aðkomustígur (verkhloti A).
- ✓ Eystri útgönguleið endurgerð, hönnun og undirbúningur (verkhloti F).
- ✓ Blesi tenging austur framkvæmd (verkhloti D2).
- ✓ Framkvæmd við Strokk, smíði í smíðju og yfirborð pallar (verkhloti C).